

Sp.

470. Tillaga til þingsályktunar

[183. mál]

um rannsókn hafnarbóta við Dyrhólaós.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort unnt sé að gera hafnarbætur við Dyrhólaós, svo að fiskibátar geti fengið þar afhafnasvæði.

Greinargerð.

Oft hafa íbúar hinna hafnlausu héraða í Vestur-Skaftafellssýslu farið þess á leit, að rannsakaðir yrðu til hlítar möguleikar á því, að gerðar yrðu einhverjar hafnarbætur innan héraðsins, svo að fiskibátar gætu fengið þar afhafnasvæði. Hefur Dyrhólaós einkum verið nefndur í þessu sambandi. Hafa af hálfu vita- og hafnamálastjóra farið fram athuganir á þessu máli, og mun hann hafa í förum sínum ýmis gögn og upplýsingar í málinu. Hins vegar hefur aldrei þótt fært að ráðast í framkvæmdir á sviði hafnarbóta við Dyrhólaós, enda eru aðstæður erfiðar og aðgerðir því án efa kostnaðarsamar. Hins vegar fleygir allri tækniþróun ört fram, svo að því, sem ókleift var talið fyrir áratug eða svo, er nú leikur einn að ráða fram úr.

Á s. l. sumri fór flm. þessarar þáttill. þess á leit við Gísla Sigurbjörnsson forstjóra í Reykjavík, að hann kæmi austur í Mýrdal með þýzka verkfræðinga, sem staddir voru þá hér á landi, og að verkfræðingarnir litu á aðstöðuna við Dyrhólaós. Þeir komu austur og athuguðu staðhætti lauslega. Hef ég nú fengið bréf frá Gísla Sigurbjörnssyni, þar sem hann skýrir frá því, að hinir þýzku verkfræðingar telji sjálfsagt, að þetta hafnarmál verði rannsakað nánar. Verkfræðingarnir munu dvelja á Akranesi næsta sumar við stækkun hafnarinnar þar.

Með þáttill. þessari er þess farið á leit, að athuguð verði nánar skilyrði til hafnarbóta við Dyrhólaós, einkum með það fyrir augum, ef hinir þýzku sérfræðingar teldu sig hafa einhver úrræði, sem viðráðanleg væru. Bréf Gísla Sigurbjörnssonar forstjóra er prentað hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

GÍSLI SIGURBJÖRNSSON, Reykjavík.

Reykjavík, 7. marz 1956.

Herra alþingismaður, Jón Kjartansson, Reykjavík.

Samkvæmt beiðni yðar, herra alþingismaður, fóru tveir þýzkir verkfræðingar frá firmanu Hochtief, Essen, ásamt mér austur í Vík í sumar s. l. og síðan að Dyrhólaós til þess að athuga möguleika á að opna ósinn og gera hann notfæran fyrir fiskibáta.

Að sjálfsögðu var hér aðeins um fljótlega athugun að ræða — en þó var reynt að fá upplýsingar þessu máli viðvíkjandi, bæði austur í Vík og hér í Rvík.

Töldu verkfræðingarnir alveg sjálfsagt að athuga þetta mál nánar — en þá þarf verkfræðingur að dvelja fyrir austan um nokkurt skeið til þess að gera alls konar mælingar og rannsóknir á sandburðinum o. fl.

Ekkert vildu þeir láta hafa eftir sér um, hvornig leysa mætti þennan vanda — en þar sem svo mikið er í húfi fyrir fólkið, sem í héruðunum þarna býr, þá ætti að vera sjálfsagt að óska eftir aðstoð þeirra í þessu vandamáli.

Virðingarfyllst,

Gíslí Sigurbjörnsson.